

Málavextir eru þannig:

Fyrri part vetrar 1898 leitaði Jóhann þessi til hreppsnefndarinnar í Áshreppi og bað um sveitarstyrk; var þá gerð skoðunargerð hjá honum 5. des. 1898, og honum síðan veittur styrkur af sveitarsjóði, að upphæð kr. 15,76. Oddviti Áshrepps skrifaði svo 6. maí 1899 og óskaði tilhlutunar yðar til þess, að hann fengi þessar 15 kr. 76 a. endurgoldnar af framfærsluhreppi Jóhanns, og síðan hefir hann heimtað að fá síðar veittan sveitarstyrk endurgoldinn, að upphæð 102 kr. 20 a.

Framfærsluhreppi Jóhanns var þá þannig varið, að hann var fæddur í Sveinsstaðahreppi, en hafði verið allengi í Svínavatnshreppi. Jóhann kom þangað fyrst vorið 1877 og var þar 9 ár; 10. árið kveðst Jóhann hafa verið vistráðið hjú þar, en hreppsnefndin í Svínavatnshreppi hefði þá fengið húsbónda sinn til að svíkja sig um vistina, og hefði hann því farið burtu vorið 1886. — Árið eptir fór hann aptur inn í Svínavatnshrepp, og var þar óátalinn í húsmennsku 9 ár. — Þetta 9. ár var Jóhann á Tindum, og hugsaði til þess, að vera þar framvegis, án þess að fá beint loforð um að fá að vera þar. En nú skerast hreppsnefndaroddvitarnir í leikinn. Oddviti Svínavatnshrepps taldi Jóhann í ólöglegri húsmennsku og hótaði bændum þeim, er hann var hjá, sektum, ef þeir lofuðu Jóhanni að vera. En oddviti Sveinsstaðahrepps bauð bændunum fje til að hafa Jóhann. Lofaði þá annar að gera þetta fyrir 70—80 kr., en þá bauðst hinn til þess fyrir 50 kr. Þetta fje var eigi greitt, og því varð það úr, að Jóhann flæmdist burtu frá Tindum um haustið 1896.

Þjer hafið kveðið svo á, að þótt telja meg, að hreppsnefnd Svínavatnshrepps hafi þegjandi samþykkt húsmennskuvist Jóhanns, þá verði þó að álíta, að burtflutningur hans haustið 1896 hafi orðið þess valdandi, að hann hafi eigi unnið sjer sveit í Svínavatnshreppi með löglegri 10 ára dvöl og því úrskurðað, að Sveinsstaðahreppur skyldi teljast framfærsluhreppur Jóhanns.

Ennfremur hafið þjer ákveðið í úrskurði yðar, að af kröfu Áshrepps skyldi falla niður hinar fyrstu veittu 15 kr. 76 a. vegna þess, hversu krafan sje seint fram komin, en hinar eptirverandi 102 kr. 20 a. skyldu greiddast af framfærsluhreppnum til Áshrepps.

Með því að jeg er yður samdóma í máli þessu, þá úrskurðast, að hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps skuli greiða úr sveitarsjóði tjeðs hrepps áðurnefndar 102 kr. 20 a. til sveitarsjóðs Áshrepps.

Þetta tilkynnist yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Áshreppi og Sveinsstaðahreppi og Svínavatnshreppi.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinn og Austur-** **84**  
2. okt.  
**amtinu um sveitarstyrk handa þurfaling.** — Með brjefi yðar, dagsettu 9. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Seyðisfjarðarhreppi í Nordurmúla-ýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 5. des. f. á., er skyldar Seyðisfjarðarhrepp til að endurgreiða Mjóafjarðarhreppi í Sudurmúlasýslu  $\frac{4}{13}$  eða 73 kr. 55 a. af framfærslustyrk, veittum af hreppsnefndinni í síðarnefndum hreppi Karli nokkrum Guðmundssyni, sem sveitlægur er í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna.

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um, að það sjeu færðar fullnægjandi sönnur á það, að hinn umræddi sveitarstyrkur hafi eigi verið veittur að óþörfu, og eigi verið óþarflega mikill, verð jeg að fallast á úrskurð yðar í þessu máli og skal hann því standa óraskaður.

**84**      Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari  
2. okt. birtingar.

Úrskurður amtsins:

Með brjefi, dags. 8. f. m., hefir sýslumaður Suðurmúlasýslu sent mjer allmörg skjöl, viðvíkjandi ágreiningi milli Mjóafjarðarhrepps í sýslu hans og Seyðisfjarðarhrepps hins forna, út af sveitarstyrk veittum Karli nokkrum Guðmundssyni árið 1898, og óskað úrskurðar míns um ágreining þenna.

Málavextir eru þannig:

Hinn 7. jan. 1898 bað Karl nokkur Guðmundsson, húsmaður í Mjóafjarðarhreppi, um styrk af sveitarsjóði Mjóafjarðarhrepps og var honum þá samstundis veittur nokkur styrkur. Maður þessi átti framfærslusveit í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna, sem nú er skipt í Seyðisfjarðarkaupstað og Seyðisfjarðarhrepp. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps tilkynnti því bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar styrkveitinguna 20. jan. 1898, og bað hana að gera ráðstafanir viðvíkjandi þurfamanninum. En í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna voru engar slíkar ráðstafanir gerðar, og var því haldið áfram að veita umgetnum Karli styrk úr sveitarsjóði Mjóafjarðarhrepps og var svo 15. ágúst 1898 sendur reikningur frá Mjóafjarðarhreppi til Seyðisfjarðarhrepps hins forna fyrir styrkveitingunni, að upphæð kr. 234,98 a., og þá fyrst rísa menn í Seyðisfjarðarhreppi hinum forna upp með mótmæli sín. Í Seyðisfjarðarhreppi hinum nýja neita menn, að nægileg tilkynning hafi átt sjer stað, en bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar var þessu eigi samþykk. Að öðru leyti var hreppurinn og bærinn samdóma um, að það væri ósannað, að þörf hefði verið að veita sveitarstyrkinn, með því að engin skoðunargjörð hefði farið fram hjá þurfamanninum, að honum hefðu verið veittir ýmsir ónaudsynlegir hlutir og að ekki hefði verið haft nægilegt eptirlit með úttekt hans.

Um sama leyti hafði Mjóafjarðarhreppur sent Seyðisfjarðarhreppi tvo framhaldsreikninga og var krafa hans þá öll kr. 243,28. En þegar mótmælin komu, þá lækkaði hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps kröfu sína um 4 kr. 25 a. og varð hún þá kr. 239,03. Af þessari upphæð hefði Seyðisfjarðarkaupstað borið að endurgjalda  $\frac{9}{13}$  eða kr. 165,48, en Seyðisfjarðarhreppi hinum nýja kr. 73,55. En nú bauðst kaupstaðurinn til að borga fyrir sitt leyti kr. 138,46, ef ágreiningnum væri lokið með því, hvað hann snerti, og gekk Mjóafjarðarhreppur að því. Aptur á móti neitaði Seyðisfjarðarhreppur allri borgun og bætti nú við mótbáru sína, að hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefði eigi leitað styrks hjá móður þurfamannsins og frændum hans.

Samkvæmt skjölum málsins hafið þjer, herra sýslumaður, álitid tilkynning styrkveitingarinnar fullnægjandi, en að öðru leyti hafið þjer verið samþykkur mótmælum hreppsnefndar Seyðisfjarðarhrepps, og þar sem þjer ekki hafið getað komið yður saman við sýslumann Suðurmúlasýslu um málið, þá verður að taka það til úrskurðar og verður úrskurður amtsins á þessa leið:

Viðvíkjandi þörf styrkbeiðandans er þess að geta, að það var að vísu vítavert hjá hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps, að gera eigi þegar í upphafi nákvæma skoðun á ástæðum hans, en hins vegar gat hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps komið fram með mótmæli sín þegar í janúar 1898 og sjeð um það, að styrkbeiðanda væri eigi veittur óþarfur styrkur. Það verður því að álíta, að mótmæli út af vöntun á skoðun sjeu óhæfilega seint framkomin, enda hefur hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps skýrt frá því, að þörf styrkbeiðanda hafi verið vitánleg, og gefið nægilegar upplýsingar um sanna þörf hans.

Þar sem hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefir neitað að greiða styrkinn, af því að eigi hafi verið beiðzt styrks hjá móður þurfamannsins eða frændum hans, þá hefir oddviti Mjóafjarðarhrepps borið það fram, að styrks hafi verið árangurslaust leitað hjá móðurinni. En

að öðru leyti hafði hreppsnefndin enga skyldu til þess, að leita slíks styrks, hvorki hjá henni eða frændum hans. 84

Viðvíkjandi þeirri mótbáru, að ekki hafi verið haft nægilegt eptirlit með úttekt þurfamannsins og að honum hafi verið veittir ýmsir ónaúðsynlegir hlutir, þá hefir hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps skýrt frá því, að oddvitinn hafi haft eptirlit með úttektiuni, án þess að þessari skýrslu hafi verið hnekkt, og að það, sem sjerstaklega var tilnefnt sem ónaúðsynlegt, hafi verið full þörf á, að láta þurfamauninum i tje, enda verður að álíta, að hinn veitti styrkur sje ekki óhæfilega hár. Auk þurfamannsins var kona hans sjúk, þrjú börn og kvennaður til að hjúkra hinni sjúku konu, eða alls 6 manns á heimilinu. Þegar dreginn er frá útfararkostnaður konunnar, borgun fyrir meðul og læknishjálp og fleira þess konar, þá er styrkurinn liðug króna á dag og verður eigi sjeð, að hjer sje eptir atvikum nein ástæða til fyrir Seyðisfjarðarhrepp, að kvarta um óþarflega mikla styrkveitingu, enda má geta þess, að hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefði verið innan handar að gera, þegar fyrsta mánuðinn sem þurfamaðurinn naut styrksins, ráðstafanir til þess, að annast þurfamauninum og sjá um öll útlát til hans, meðan hann þurfti, þar sem tilkynning Mjóafjarðarhrepps 20. jan. 1898, samkvæmt áritun, var komin til Seyðisfjarðarhrepps hins forna daginn eptir og Mjóafjarðarhreppur er næsti hreppur við Seyðisfjarðarhrepp.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að mótmæli hreppsnefndar Seyðisfjarðarhrepps sjeu, fyrst og fremst allt of seint fram komin og þar að auki eigi á nægum rökum byggð, og að Seyðisfjarðarhreppi beri því að endurgjalda  $\frac{4}{13}$  hluta af hinum veitta styrk með kr. 73,55.

Jafnframt því, að tilkynna yður þetta, herra sýslumaður, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps, vil jeg skora á yður, að leggja fyrir nýnefnda hreppsnefnd að greiða hina úrskurðuðu upphæð, kr. 73,55, tafarlaust til Mjóafjarðarhrepps.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðnramtinu og Austur- 85**  
*amtinu um flutning á þingstað* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt- 9. okt.  
maður, í brjefi, dagsettu 16. f. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Adaldælahreppi í Þingeyjarsýslu, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Nesi að YtraFjalli, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðnramtinu og Austur- 86**  
*inu um skilning á 13. gr. laga nr. 2. 13. jan. 1896.* — I brjefi, dagsettu 4. þ. m., 9. okt.  
hafid þjer, herra amtmaður, samkvæmt ályktun amtsráðanna í ömtum yðar, spurzt fyrir um það, hvernig skilja eigi 13. gr. laga nr. 2, 13. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þar sem svo er ákveðið, að útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almannafje, án þess tiltekið sje að þau skuli greiða úr landssjóði eða úr sveitarsjóði, skuli greiða úr sýslu eða bæjarsjóði, ef útgjöldin fari eigi fram úr 100 kr., hvort heldur skuli skilja ákvæði þetta þannig, að sýslu-